

3. bekkur stærðfræði

Kennarar: Guðný Maja Riba Pétursdóttir; Inna Holoyad

Lýsing

Tungumál og verkfræði stærðfræðinnar er notað við stærðfræðileg viðfangsefni, fjölbreytt vinnubrögð þjálfuð við beitingu stærðfræðilegra viðfangsefna; tölur og talnareikning, algebru, rúmfræði og mælingar og tölfræði, og líkindi. Í stærðfræði eru unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár frá 2013.

Markmið

Skólaárið 2019 - 2020

- Lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 1000
- Skipt þriggja stafa tölum upp eftir sætum / hundrað, tugur og eining
- Skilið einföld almenn brot
- Leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa tölum
- Þekkt margföldunartöflunar frá 1 – 10
- Tengt viðfangsefni úr daglegu lífi við ýmsar reikniaðgerðir
- Skilið jöfnumerkið
- Flokkað algengustu tvívíðu og þrívíðu formin
- Þekkt rétt, hvöss og gleið horn
- Þekkt og notað speglun og samhverfu
- Lýst staðsetningu punkts í rúðuneti
- Áætlað, mælt og borið saman lengdir, þyngd, flatarmál og rúmmál og hitastig
- Lesið á klukku, skráð tímasetningar á hefðbundinn og stafrænan hátt, reiknað út tíma
- Þekkt og notað íslenskar krónur og seðla
- Sett upplýsingar fram í töflu og lesið úr þeim og einföldum súluritum
- Leyst einfaldar stærðfræðiþrautir
- Notað hugtök úr stærðfræðinni

Námsefni

- Grunnbækur eru *Sproti 3a og 3b* nemendabók og æfingahefti
- Nemendur fá viðbótarefni eftir getur og vinnusemi
- Talnagrindur

- Kennsluþeningar
- Ýmsar gerðir af kubbum
- Vasareiknir
- Námsspil

Kennsluaðferðir

- Nemendur vinna einstaklingslega í grunnbókum.
- Innlagnir eru við hvern efnispátt.
- Við verkefnavinnu nýta þeir sér ýmsan efnivið við lausn verkefna.
- Hópavinna,

Námsmat

- Talnalykill
- Kaflakannanir
- Annarpróf
- Símat

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk

- Framvinda
- Hæfnieinkunn (tákn)
- Hæfnieinkunn (A-D)

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Tölur og reikningur

- Notað tugakerfisrithátt.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Rúmfræði og mælingar

- Unnið með mælikvarða og lögun.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Tölfræði og líkindi

- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.